

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð
nr. 817/2000, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af kirkjuráði
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. starfsreglnanna bætist nýr stafliður g) sem orðast svo: Strandarkirkjunefnd, sbr. 2. gr. reglna um Strandarkirkju í Selvogi sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 2001.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Reglur um Strandarkirkju í Selvogi voru samþykktar á kirkjuþingi 2001. Á kirkjuþingi 2002 kom fram í skýrslu kirkjuráðs að ráðið hefði skipað Strandarkirkjunefnd. Enn fremur var tilgreint að ráðið hefði gengið frá erindisbréfi fyrir nefndina og var það lagt fram á kirkjuþinginu til kynningar. Erindisbréfið var gefið út 22. maí 2002 og undirritað af forseta kirkjuráðs, biskupi Íslands. Tekið var fram í niðurlagi erindisbréfsins að það skyldi falla úr gildi 1. júlí 2003. Strandarkirkjunefnd hefur ekki verið sett nýtt erindisbréf.

Samkvæmt 2. gr. starfsreglna um Strandarkirkju í Selvogi skipaði kirkjuráð núverandi Strandarkirkjunefnd frá 1. júlí 2019 til fjögurra ára.

Ragnhildur Benediksdóttir, lögfræðingur, var skipaður formaður án tilnefningar, séra Gunnar Jóhannesson skipaður samkvæmt tilnefningu prófests Suðurprófastsdæmis og séra Baldur Kristjánsson skipaður samkvæmt tilnefningu sóknamefndar Strandarsóknar.

Eftir samþykkt starfsreglna um kirkjuráð árið 2000 láðist að geta um Strandarkirkjunefnd í þeim starfsreglum ári síðar. Með þessari breytingartillögu er nú verið að bæta úr því.